

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2017

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Aðalfulltrúar:

Hörður Svaravarsson
Jón Haukur Ingvarsson
Jón Bjarni Þorsteinsson
Fjölnir Sæmundsson
Svava Hrönn Guðmundsdóttir
Gnýr Guðmundsson

Varafulltrúar:

Svanur Grjetarsson
Guðmundur Björnsson
Ingibjörg Hauksdóttir
Árni Stefán Jónsson
Margrét Júlía Rafnsdóttir
Bryndís Skúladóttir

Hafnarfjarðarbær og Kópavogsþær tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlitið.

Heilbrigðisnefnd ber að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á sínu svæði. Annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Markmiðum þessum er fylgt eftir með eftirliti, vöktun og fræðslu sem unnið er að í þverfaglegu starfi. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmtíma.

Heilbrigðisnefnd hélt 10 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 595 dagskráliðir. Einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi og hluti mála tengjast fleiri en einum málauflokki. Í eftifarandi töflu hafa dagskráliðir verið grófflokkir samkvæmt fjórum helstu málefnaflokkum sem starfsemin tekur til.

| | |
|--|-----|
| Almenn mál um hollustuhætti, gæludýrahald, tóbaksvarnir o.p.h. | 287 |
| Matvælamálefni | 161 |
| Umhverfis- og skipulagsmál | 129 |
| Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnsýsla | 19 |

Í lok árs 2017 voru um 1480 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem hafa ber reglubundið eftirlit með. Af þeim fengu 840 aðilar eftirlitsheimsóknir á árinu 2017. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1290 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok. Farnar voru 1243 eftirlitsferðir til umræddra 840 aðila. Til viðbótar var farið í um 280 eftirlitsferðir á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfseminni var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi samkvæmt nánari skilgreiningum, á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Fyrirtæki og starfsemi getur einnig verið eftirlitsskyld án þess að þurfa starfsleyfi. Starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1286 í árslok og 128 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Um 96% eftirlitsskyldrar starfsemi er þannig með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Einn mælikvarði á virkni stjórnsýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi á hverjum tíma. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki sem eru starfsleyfiskylld hafi ekki gild starfsleyfi. Hjá atvinnurekstri sem valdið getur mengun er oft um óstöðuleika í rekstri að ræða eða því við boríð að starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins. Þau flokkuð eins og hægt er í fjóra aðal málauflokka, matvæli, hollustuhætti, mengunar- og umhverfismál og stjórnum heilbrigðiseftirlitsins.

Matvælaeftirlit

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Alls voru 94 umsóknir um starfsleyfi tekna til umfjöllunar:

- 69 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.
- 23 umsóknir voru vegna eigendaskipta, endurnýjunar eða breytinga á rekstri.
- 2 umsóknir voru vegna tímabundina sölu matvæla við útisamkomur.

| | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls |
|---|----------|---------------|-----------|------|
| Framleiðsla og pökkun | 3 | 8 | 5 | 16 |
| Verslanir og vörugeymslur | 9 | 13 | 22 | 44 |
| Veitingastaðir og mótneyti | 4 | 5 | 15 | 24 |
| Annað s.s. tímabundin eða færðleg starfsemi | | 3 | 7 | 10 |
| Alls | 16 | 29 | 49 | 94 |

Fjöldi umsókna 2017 um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

Starfsleyfisumsóknir vegna skóla og leikskóla eru flokkaðar með hollustuháttafyrirtækjum þar sem úttekt á húsnæði og umhverfi er veigamikill þáttur. Í daglegum rekstri er rekstur mótneyta í stofnunum aftur á móti fyrirferðarmeiri í eftirliti.

Þegar matvæli eru á boðstólum á gististöðum er sú starfsemi flokkuð sem matvælafyrirtæki. Ákveðinni veitinga- og gististarfsemi ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefnu af viðkomandi sýslumanni samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Breyting varð á þeirri lagasetningu á árinu og fækkaði aðilum sem afla skyldu slíks rekstrarleyfis. Markmið þeirra laga er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri sem og að starfsemin falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili til sýslumanns vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsögn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi, grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist og að starfsemin fullnægi kröfum laga um framleiðslu og dreifingu matvæla sbr. lög um matvæli og sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á árinu bárust 34 beiðnir um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir veitingastarfsemi og 16 beiðnir um umsagnir vegna tækifærslaleyfa þar sem matvæli yrðu á boðstólum.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru alls 121 á árinu. Kvartað var vegna merkingu matvæla, þ.m.t. vegna vanmerkinga 47 sinnum. Um slæma meðferð matvæla bárust 21 kvartanir. Þar falla undir kvartanir um að matvæli væru höfð á boðstólnum lengur en leyfilegt er eða eru skemmd við neyslu. Ábendingar um ónógt hreinlæti voru 26 og vegna hugsanlegra matarsýkinga 14 talsins. Kvartanir vegna aðskotahluta í matvælum voru 9. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Sýni voru tekin til örverumælinga vegna ýmissa athugana í matvælaeftirliti. Niðurstöður mælinga eru bornar saman við örverufræðileg viðmið og metin út frá því. Sannprófaðar voru næringaryfirlýsingar og athugað var samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir landið hvort leifar varnarefna finnist í grænmeti og ávöxtum. Matvælastofnun tekur saman og birtir niðurstöður mælinga á varnarefnaleifum fyrir árið. Á árinu voru tekin 149 sýnishorn í þessum tilgangi og voru sýnin könnuð á rannsóknarstofu fyrir um mismunandi örveru- og efnagreiningaþáttum. Auk þess voru hreinlætismaelingar tekna í 42 fyrirtækjum með ljósgleypnimæli og 141 snerti-skálasýni aðallega í mótneytum og á veitingastöðum.

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þáttu. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstínum, bæði úr vatnsbólum og dreifkerfinu. Tekin voru á árinu 68 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi úr mannvirkjum vatnsveitna og dreifikerfi þar sem neysluvatn er aðgengilegt til notkunar. Neysluvatnssýni eru jafnframtil tekin úr einkavatnsbólum stofnana og í matvælaeftirliti hjá fyrirtækjum. Á hverju ári eru tekin sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu neysluvatnsins. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga eru birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Framkvæmdastjóri er í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits. Hópurinn kom saman 4 sinnum á árinu. Starfsmenn sækja jafnframfræðslufundi og námskeið Matvælastofnunar. Heilbrigðisfulltrúi sótti norrænt námskeið í Svíþjóð 7. – 9. nóvember 2017 um efni sem komast í snertingu við matvæli en matvælayfirvöld telja ástæðu til að auka eftirlit með þeim málum.

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið afmarkað málefni, sem gjarnan er tengt gerð fræðsluefnis og eða breytingum á lögum eða reglugerðum. Tekið var þátt í verkefnum á árinu sem lutu að heilsufullyrðingum, geymsluþolsmerkingum, kælingu matvæla sem boðin eru til sölu eftir eldun og upplýsingagjöf vegna ofnæmis – og ópolsvalda.

Mikið hefur borið á vörum á markaði með hátt koffin-innihald sem ekki eru merkar með varnaðarmerkingum. Sérmerkja þarf drykki sem innihalda koffin yfir 150 mg/l og varnaðarmerkingar skulu vera á íslensku. Hámarksgildi fyrir koffin í orkudrykkjum er 320 mg nema Matvælastofnun hafi veitt til þess leyfi. Farið var í eftirlitsverkefni til að fylgja eftir að merkingar væru samkvæmt gildandi reglum.

Innleiðingu gagnagrunnskerfis Matvælastofnunar var framhaldið ásamt þróun eftirlitshandbókar fyrir matvælaeftirlitið. Er það verkefni í samvinnu við Matvælastofnun og önnur eftirlitssvæði. Jafnframtil var unnið að nýju áhættumati fyrir hvert matvælafyrirtæki.

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs 498. Með í þeirri tölu eru móturneyti skóla og leikskóla. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 618. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 512. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldir í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og móturneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldir.

| | Framleiðsla, þökkun | Heildsala, flutningur | Stóreldhús | Smásala | Vatnsveitur | Annað | Alls |
|---------------------------|---------------------|-----------------------|------------|---------|-------------|-------|------|
| Eftirlitsstaðir og ferðir | | | | | | | |
| Fj. staða | 58 | 39 | 262 | 131 | 6 | 2 | 498 |
| Fj. heimsóttra staða | 41 | 6 | 146 | 74 | 6 | 2 | 275 |
| Fj. eftirlitsferða | 73 | 9 | 226 | 168 | 34 | 2 | 512 |

Matvælaeftirlit; Fjöldi staða 31.12. 2017 og skráðar eftirlitsferðir. Annað er starfsemi tengd heimilum og tilfallandi eftirliti vegna atburða.

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérvslun er með tóbak. Endurnýjuð voru 16 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga. Pann 31.12.2017 voru smásölustaðir tóbaks alls 45 í umdæminu. Kvartanir er tilheyra tóbaksvörnum voru 11 á árinu og flestar um sölu tóbaks til unglings. Einstaka

kvartanir berast vegna tóbaksreykinga við opinberar stofnanir og vegna ágreinings í fjöleignahúsum.

Hollustuhættir

Starfsleyfisumsóknir voru 185 samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerðar. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

135 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

48 umsókn-vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

2 umsóknir vegna tímabundinnar starfsemi.

Í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum á sér stað meðhöndlun og dreifing matvæla. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvara.

| | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls |
|--|-----------|---------------|-----------|------------|
| Gisti- og samkomustaðir | 11 | 32 | 56 | 99 |
| Snyrtistofur hvers konar | 4 | 13 | 11 | 28 |
| Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir | 6 | 6 | 9 | 21 |
| Daggæsla, leikvelli, skólar, leikskólar, kennslustaðir | 4 | 11 | 3 | 18 |
| Búsetuúrræði | 0 | 1 | 3 | 4 |
| Íþróttastarfsemi og samkomuhald | 0 | 3 | 8 | 11 |
| Annað (verslunarmiðstöð, meindýraeyðing) | | 2 | | 2 |
| Tímabundin starfsemi | 1 | 1 | | 2 |
| Alls | 26 | 69 | 90 | 185 |

Hollustuháttareglugerð; Fjöldi umsókna árið 2017 um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

Á árinu bárust 29 beiðir um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir samkomustaði og gististaði sem ekki falla undir matvælalöggjöfina samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Um er að ræða hótel, gistiheimili og gististaði í íbúðarhúsum, orlofsíbúðum eða tengslum við heimili. Umsagnir voru veittar vegna 33 tækifærисleyfa vegna tónleikahalds og annarra skemmtana án veitingasölu. Nokkrar umsagna eru veittar á hverju ári vegna dansleikjahalds í íþróttahúsum en oftast fer þá einnig fram veitingasala. Sjá kafla um matvælaeftirlit vegna þessa.

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 103. Flestar eða 25 voru í tengslum við íbúðar húsnæði. Að hluta til er um að ræða fyrirspurnir og kvartanir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu eða 22 en aðrar kvartanir tengdar ýmsum öðrum málum sem upp geta komið í sambýli fólks. Kvörtunum vegna dýrhalds og flækingsdýra svo sem katta, dúfna, kanína, hesta, sauðfjár o.fl. hefur fækkað milli ára. Reyndust á árinu 19 en voru 41 árið áður. Þar af voru kvartanir um óþægindi vegna kattahalds 3 en höfðu verið 19 á árinu áður. Um árabil hefur verið kvartað yfir lausagöngu og að óboðnir kettir komi inn með heimiliskettinum, læður gjóti undir illa frágengnum sólpöllum, kettir sem sjáist séu villikettir o.p.h. Á árinu 2017 voru 98 kettir vistaðir tímabundið í kattageymslu. Þá voru 10 kvartanir undan ónæði vegna hænsnahalds. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja og stofnana þar sem fólk leitar þjónustu leiddi til 13 kvartana. Kvartanir og ábendingar vegna meindýra voru 21.

Til almennra kvartana teljast þær sem ekki er hægt að tengja beint tiltekinni atvinnustarfsemi eða lýðheilsu. Þær töldust 192 sem eru fleiri en árin á undan. Tæpur þriðjungur eða 45 voru vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Aðeins oftar, eða 51 sinni, var kvartað undan sorpi, öðrum úrgangi eða slæmri umgengni um lóðir og lendur. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota.

Nokkuð berst af ábendingum eða kvörtunum vegna óskráðra bíla, ýmissa lausamuna og úrgangs á bílastæðum eða á lendum bæjarfélaganna. Slíkum upplýsingum er komið til þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna sem annast framkvæmd hreinsana í viðkomandi bæjarfélagi. Aðkoma heilbrigðiseftirlits er að tryggja að rétt sé að framkvæmd staðið. Einnig leitar síðan tölувart af fólk til eftirlitsins sem ýmist er að biðja um fresti eða óska skýringa. Reynt er að verða við óskum þegar það er mögulegt. Sumir telja að á sér sé brotið. Undanfarin ár hefur verið límdir aðvörunarmiðar á nokkur hundruð til tæplega þúsund bifreiðar á ári. Á árinu 2017 var límt á töluvart á 6. hundrað óskráðra bíla, kerrur og aðra lausamuni og þurfti að fjarlægja um 230 óskráðra bíla og aðra hluti.

Um áramótin 2016-2017 voru á skrá 2312 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar en rétt er að hafa í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Hlutfall eigenda sem sótt hafa námskeið í hundauppeldi er nálægt 60% og 5 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstarfa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 176 kvartanir vegna hunda á árinu. Kvartað var í 81 tilviki vegna hunda þar sem vitað var um heimili dýrsins en í 95 tilvikum var heimili ekki þekkt. Af 17 hundum sem kvartað var yfir oftar en einu sinni 2017 fengu fékk einn hundar á sig þrjár kvartanir. Annar sex kvartanir og einn níu kvartanir. Aðal umkvörtunarefnin var eins og undanfarin ár um lausa hunda eða 65 tilvik. Kvartanir um ónæði s.s. gelt eru einnig algengar.

Til meðferðar á árinu komu 6 mál vegna ógnandi atferlis hunds gagnvart fólk eða dýrum. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála staðfesti ákvörðun um að láta ekki fjarlægja hund af heimili þar sem atburðarás og mat á dýrinu gaf ekki tilefni til þess.

Dregið hefur úr málum vegna óeiningar í fjöleignarhúsum um hundahald en slíkum deilum fjölgað undanfarin misseri. Virtust breytingar á fjöleignahúsalögum valda ákveðnum pirringi fyrst í stað.

Samkvæmt lögum um velferð dýra hafa sveitarfélög hjálparskyldu, handsömunarskyldu og vörluskyldu dýra. Þetta eru verkefni sem heilbrigðiseftirlitið sér um fyrir sveitarfélögin. Vistun hunda í dýraathvarfi fer sífellt fækkandi. Til slíkra vistana kom 10 sinnum á árinu. Samskipti um týnd dýr á vefjum internetsins hefur dregið úr þörf á skammtímavistun ásamt auknum vilja til að hafa dýr hjá sér þar til eigandi finnst.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga starfar vinnuhópur á sviði hollustuháttamála. Vinnuhópurinn undirbýr tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið og voru á árinu haldnir 8 fundir hjá hópnum. Jafnframt fer starfshópurinn í árlega kynnisferð til samræmingar á framkvæmd eftirlits milli svæða.

Virk þátttaka er í innleiðingaferli vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar. Reglugerðin er alþjóðlegur bindandi sáttmáli sem hefur að markmiði að hindra útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eiturefna og geislavirkra efna milli landa. Reglugerðin kveður á um ítarlega skoðun útgáfu sóttvarnavottorða fyrir skip. Millilandaskip geta fengið skoðun í 23 viðurkenndum höfnum á landinu og fengið viðeigandi vottorð sem þarf að endurnýja á 6 mánaða fresti. Hafnarfjarðarhöfn er ein af viðurkenndum höfnum landsins og skoðar heilbrigðisfulltrúi skip í þessum tilgangi þegar eftir er leitað.

Reglubundið eftirlit er með fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Auk þess er hollustuháttaeftirlit með daggæslu í heimahúsum í samvinnu við félagsmálayfirvöld. Vegna reglubundins hollustuháttaeftirlits er algengast að áætluð sé ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Skráðar eftirlitsferðir

urðu alls 332 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem eru eftirlitsskyld samkvæmt reglugerð um hollustuhætti að undanskildum matvælafyrirtækjum og tannlæknastofum var í eftirlitsáætlun ársins áætlaður 305. Auk þess voru 73 starfsleyfi veitt og heimili heimsótt vegna stuttra gistileyfa áður en lögum og reglum var breytt á miðju ári. Búsetuúrræði flokkast hér með heilbrigðis- og félagsþjónustu sem skýri aukin fjölda.

| | Fegrunar- og snyrtistarfsemi | Fræðsla-, íþróttir og menning | Heilbrigðis- og félagsþjónusta | Gisting án veitinga | Alls |
|------------------------------|------------------------------|-------------------------------|--------------------------------|---------------------|------|
| Fj. staða 31.12.2017 | 99 | 142 | 112 | 53 | 406 |
| Fj. staða sem fengu eftirlit | 88 | 65 | 57 | 28 | 238 |
| Fj. eftirlitsferða | 120 | 109 | 73 | 30 | 332 |

Hollustuháttareglugerð. Fjöldi staða 31.12.2017 og skráðar eftirlitsferðir. Til fegrunar- og snyrtistarfsemi telst hársnyrtинг, snyrtistofur, ljósastofur, húðflúr og húdgötun. Gististaðir, veitingastaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift flokkast sem matvæla-fyrirtæki þó svo sinna þurfi þar ekki síður eftirliti samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti. Tannlæknastofur eru flokkaðar í töflu vegna mengunarvarnaeftirlits.

Umhverfiseftirlit

Alls 78 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

32 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

20 umsóknir voru vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og endurskoðunar.

26 fyrir tímabundna starfsemi.

| | Garðabær | Hafnarfjörður | Kópavogur | Alls |
|---|----------|---------------|-----------|------|
| Bílgreinin | 2 | 6 | 4 | 12 |
| Matvælavinnslur | 0 | 3 | 3 | 6 |
| Málmiðnaður og verkstæði | 4 | 8 | 6 | 18 |
| Pökkuṇ og notkun efna | 1 | 1 | 7 | 9 |
| Tannlæknastofur | 0 | 1 | 1 | 2 |
| Skólp og úrgangur | 0 | 3 | 1 | 4 |
| Annað (s.s. malbiksframleiðsla, gagnaver o.fl.) | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Tímabundin starfsemi s.s. niðurrif húsa, kvíkmyndataka o.p.h. | 8 | 9 | 9 | 26 |
| Alls | 15 | 32 | 31 | 78 |

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokuð eftir starfsemi og staðsetningu 2017.

Álit eru gefin um ýmis umhverfismál. Má þar nefna umsagnir um skipulagsmál en deiliskipulagsbreytingar voru m.a. gerðar á vatnsverndarsvæðum í Garðabæ og Hafnarfirði. Unnið er að breytingum á deiliskipulagi í Bláfjöllum sem voru í biðstöðu meðan unnið var að endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæðin.

Á undanförnum misserum hafa orðið breytingar á tilhögun sorphirðu frá almenningi. Íbúum er ætlað að flokka a.m.k. pappa og pappír og dregið hefur úr tíðni sorphirðuferða. Sorprennur eru ekki samþykktar í nýjum fjölbýlishúsum og staðsetning sorpíláta á að vera aðgengileg sorphirðunni. Þessi þróun hefur ekki gengið hnökralaust. Í sumum tilfellum er ekki pláss í sorpklefum eða sorpskýlum. Ílát komast illa inn eða mjög þróngt er um aðgengi. Sorpgerði á lóðunum eru oft með lága veggi sem skýla illa og ásýnd frá íbúum oft verulega til lýta. Unnið var að tillögu með umhverfissviði Kópavogsbaðar að nýrri úrgangssamþykkt

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum er stöðugt verkefni sem skilar oftast tímabundnum árangri. Fyrri reynsla hefur sýnt að slæm umgengni á athafnasvæðum hefur sterka tilhneigingu til að leita astur í sama farið. Ástæður þessa hafa oft verið skýrðar með

óljósri tilfinningu umráðaaðila fyrir ábyrgð sinni og hægagangi í uppbyggingu og frágangi atvinnusvæða.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sameiginlega að ákvörðun verndarsvæða fyrir neysluvatn og setningu heilbrigðissamþyktar fyrir vatnsvernd. Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu en sérstök framkvæmdastjórn sér um samræmingu eftirlits. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 4 fundi á árinu 2017. Að höfðu samráði var undirbúin útgáfa heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á starfsleyfi fyrir lagningu SV-línu frá Sandskeiði norðan Suðurlandsvegar að Hrauntungum sunnan Krýsuvíkurvegar. Málefni fyrirhugaðrar lagningar SV-lína og gegnumakstur um Heiðmörk voru fyrirferðamestu málefni á árinu. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda.

Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Jafnfraamt er nokkur hætta á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð. Mengandi efni geta borist í yfirborðsvatn en ekki er síður hætta á skólpengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Aðgerðir hafa verið í gangi í sveitarfélögnum að finna rangtengingar og fara í viðgerð á löskuðum lögnum. Árangur hefur náðst en í ljósi niðurstaðna mælinga er ekki ástæða til að dregið verði úr skipulegri vöktun. Niðurstöður vöktunar eru birtar jafnóðum á heimasíðu heilbrigðiseftirlits. Sama gildir um mælingar í fjörum en strendur og strandsvæði hafa einnig mikil útivistargildi. Vöktun þar er einnig til að fylgjast með hvort förgun skólps teljist viðunandi. Öðru hvoru verður vart skólpengunar í fjörum en það er þó mat heilbrigðisnefndar að þar hafi gerlafræðilegt ástand þróast í rétta átt og útivistargildi fjara sé almennt viðunandi. Hafa þarf þó í huga að fjörur á svæðinu geta ávallt verið undir einhverju álagi frá byggð.

Í samráði við Garðabæ var lagt endurmat á mengunarflokkun Urriðavatns og Vífilsstaðavatns. Mengunarflokkun vatna byggir samkvæmt reglugerð að stærstum hluta á mælingum á styrk og styrkbreytingum næringarefna og þungmálma í vötnum. Að auki voru gerðar mælingar á styrk örvera. Sýnatökur fóru fram á árinu 2016 en skýrslan kom út í ársbyrjun 2017. Í skýrslunni var lagt til að mælingar yrðu endurteknar næstu tvö árin til að skjóta enn styrkari stoðum undir flokkun vatnanna. Mælingar voru því endurteknar árið 2017 og voru niðurstöður alveg hliðstæðar frá fyrra ári. Niðurstaða skýrslunnar er óbreytt flokkun vatnanna frá því þau voru upphaflega metin fyrir nær 10 árum. Bæði vötnin falla í mengunarflokk A, ósnortin vötn sem frá litamerkinguna Blár á skipulagsuppdráttum.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var innleidd hér á landi með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Með stjórn vatnamála er komið á lögbundinni stjórnun og verndun vatns óháð stjórnsýslumörkum. Vinnu hefur ekki verið haldið áfram þar sem nánast algjörlega hefur verið hætt að fjármagna verkefnið. Tímaramminn sem Ísland hafði til að uppfylla tilskipunina er löngu brostinn.

Heilbrigðisnefndum ber að meta loftgæði, afla upplýsinga, setja upp og reka mælistöðvar sem eiga að tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Á árinu voru fjórar loftgæðamælistöðvar í umdæminu sem nýtast þessum tilgangi með mismunandi hætti. Nálgast má rauntímaniðurstöður þeirra á heimasíðu, www.heilbrigdisfirlit.is sem og frá öðrum loftmælistöðvum á landinu.

Í Kópavogi er að finna færanleg loftgæðamælistöð við Dalsmára. Þar fara fram mælingar á styrk brennisteinsvetnis, brennisteinsdioxíðs, köfnunarefnisoxíða og á svifryki í andrúmslofti. Á undanförnum árum hefur mælistöðin verið færð á milli staða á nokkurra missera millibili en

að jafnaði verið valinn staður inni í íbúðahverfum. Stöðin hefur verið í Dalsmára frá því í maí 2014. Af ýmsum ástæðum er talið rétt að staðsetja hana þar áfram. Við Dalsmára fara mælingar fram nálægt umferðargötu og gætir þess í niðurstöðum. Það kemur fram í dægur- og árstíðabundnum sveiflum. Um niðurstöður mælinganna er fjallað í sérstakri skýrslu HHK um loftgæðavöktun í Dalsmára (Kópavogi) 2017.

Bæði áramótin 2016-2017 og 2017-2018 viðraði vel fyrir áramótabrennuhald og til að skjóta upp flugeldum. Að sama skapi viðraði illa fyrir fólk með öndunaröröuleika þar sem mengun frá flugeldum og blysum lá yfir þéttbýlinu frá því síðla gamlársdags og fram eftir nýársdegi. Mælingar á svifryksmengun sýndu hærri gildi þessi áramót en áður hafa mælst.

Orka náttúrunnar (Orkuveita Reykjavíkur) kom upp snemma árs 2015 mælitækjum við skólasetrið í Lækjarbotnum til að fylgjast með brennisteinsvetni. Skýrslur hafa verið gefnar út um þær niðurstöður en stutt umfjöllun er einnig að finna í skýrslu í ofangreindri skýrslu HHK.

Í Hafnarfirði rekur heilbrigðiseftirlitið mælistöð Norðurhellu 2 fyrir Hafnarfjarðarbæ. Mælingar voru auknar á árinu. Frá hausti 2013 höfðu mælingar byggst á ryksöfnun og sýnishornin farið síðan til frekari mælinga á rannsóknastofu. Um rauntíma upplýsinga var því ekki að ræða heldur voru mæliniðurstöður birtar eftir tímabilum. Mælingar sýndu fram á að loftborin mengunarefni var ekki að berast í neinum mæli frá iðnaðarsvæðinu í Hellnahrauni yfir á athafnasvæðið við Norðurhellu. Í júní 2016 voru tæki stöðvarinnar við Norðurhellu endurnýjuð og hliðstæðar mælingar og í Dalsmára hafnar, þ.e. símælingar á efnum sem mælt er fyrir um í reglugerðum og eru þær birtar á vef eftirlits. Stöðvarnar í Dalsmára og á Norðurhellu eru með veðurstöðvum til að auðvelda túlkun gagna. Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur reglulega tekið saman niðurstöður mælinga á ryki á Norðurhellu og birt í skýrslum. Sérstök skýrsla HHK fjallar um mælingar á síðari hluta ársins 2016 og 2017.

Á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Þar er mældur styrkur brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og svifryks í andrúmslofti. Rauntímmamælingar fyrir brennistein og svifryk eru birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins. Einnig er styrkur flúors í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti en tækni er ekki til, til þess að birta rauntímmamælingar fyrir flúor. Landslag og staðhættir á mælistað hefur afgerandi áhrif á vindstefnur og því er eðlilegt að hafa veðurstöð á sýnatökustað. Engin veðurstöð er á Hvaleyrarholti sem skapar óvissu í túlkun gagna.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 98. Flestar kvartanir tengjast ónæði vegna frá atvinnurekstri eða alls 48 kvartanir. 17 kvartanir voru vegna athafna sem ekki eru eftirlitsskyldar aðallega í bílskúrum og „tómstundahúsnaði“. Þá voru 35 aðrar kvartanir undan vegna ónæðis af lykt. Lyktarkvartanir tengjast oft fiskvinnslu, kjötvinnslu, veitingahúsarekstri og ýmissi iðnaðarstarfsemi og moltugerð. Heilbrigðiseftirlitið hefur mjög takmarkaða aðkomu að byggingastarfsemi en því berast kvartanir vegna hávaða og öðru ónæði er tengist endurnýjun húsnæðis eða nýframkvæmdum og er þeim ábendingum og kvörtunum jafnan beint yfir til viðkomandi byggingafulltrúa. Atvik skráð sem mengunar- og olíuhöpp eða efnaslys á árinu voru 25. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnti einnig mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum. Umfangsmesta mengunarhappið á árinu var þegar tölувert magn af úrgangsolíu rann niður farveg Lómakotslækja og yfir í Grófarlæk í Reykjavík. Með samstilltu átaki tókst að ná upp megninu af olíunni og lágmarka það magn olíu sem barst í Elliðaárnar.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á svíði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 4 fundir á árinu og er þá meðtalinn tveggja daga vinnubúðafundur sem haldinn var úti á landi. Hópurinn vann að skýrslugerð um eftirlitsverkefni fyrra árs um þauleldi og um samræmingu mengunarvarnaeftirlits og umhverfisviðmiða. Hörð fita frá atvinnustarfsemi veldur víða miklum rekstrarvanda í lagnakerfum og hreinsivirkjum. Vann vinnuhópurinn að gerð leiðbeininga um fituskiljur við fráveitukerfi og að samræma kröfur um fituskiljur fyrir mismunandi starfsgreinar.

Heilbrigðisfulltrúi fyrir hönd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sat í vinnuhóp ráðuneytis er vann að endurskoðun reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Ný reglugerð kom út síðla árs.

Reglubundið mengunarvarnaeftirlit fer fram hjá fyrirtækjum sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Eftirlit byggir á ákvæðum ýmissa reglugerða, þ.m.t. er varðar meðferð og förgun úrgangs og spilliefna. Einnig á ákvæðum í starfsleyfum. Veruleg afskipti þarf jafnframt að hafa af svokallaðri „svartri atvinnustarfsemi“ eða óskilgreinanlegri jaðarstarfsemi sem reynt er að verja sem tómstundastarfsemi. Eftirlit og þvingunaraðgerðir geta orðið verulega vinnukrefjandi og kostnaðarsamar fyrir samfélagið.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er að jafnaði ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Áætlaðar voru að lágmarki 365 eftirlitsferðir á árinu en skráðar eftirlitsferðir urðu 401 þegar eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

| | Málm- og bílgrein | Efna- og timburiðn | Föður-og matvæli | Úrgangs-mál | Annað* | Samtals |
|-----------------------|-------------------|--------------------|------------------|-------------|--------|---------|
| Fj. staða | 319 | 145 | 39 | 16 | 56 | 545 |
| Fj. sem fékk eftirlit | 219 | 45 | 35 | 9 | 15 | 323 |
| Fj. eftirlitsferða | 271 | 52 | 44 | 18 | 16 | 401 |

Mengunarvarnaeftirlit Fjöldi staða 31.12.2017 og skráðar eftirlitsferðir

* Annað eru t.d. íþróttastarfsemi s.s. skíðasvæði, akstursbrautir, skotvöllur og einnig jarðefnavinnslu og geymslu.

Fjármál og annað

Virk þátttaka er á vettvangi Samtaka heilbrigðiseftirlitsvæða á Íslandi s.s. við undirbúning og framkvæmd árlegs haustfundar samtakanna. Á þeim vettvangi gefst öllum starfandi heilbrigðisfulltrúum á landinu kostur á að taka þátt í faglegri umræðu um starfssvið sitt.

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur nemí sem næst 70% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 30% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögnum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.p.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2017 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 84.348.642 eða 70,5% af rekstrarkostnaði. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 22.220.281 og tekjur kr. 23.630.681. Í meðfylgjandi töflu eru samanburðartölur áranna 2010 til 2015, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur eru sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við upphaf árs.

Samanburður á fjölda fyrirtækja í árslok, ársverkum, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2012 til 2017 á verðlagi hvers árs.

| Ár | Íbúafjöldi. | Fyrirtæki og stofnanir | Arsverk | Heildar kostnaður kr. | Kostnaður pr. íbúa kr. | Kostnaður pr. fyrirtæki kr. | Kostnaður pr. ársverk kr. |
|------|-------------|------------------------|---------|-----------------------|------------------------|-----------------------------|---------------------------|
| 2017 | 79179 | 1525 | 8 | 119.500.694 | 1509 | 78.361 | 14.937.567 |
| 2016 | 77046 | 1560 | 7,5 | 104.567.723 | 1357 | 67.031 | 13.942.363 |
| 2015 | 75533 | 1480 | 8 | 100.990.198 | 1337 | 68.237 | 12.663.775 |
| 2014 | 73845 | 1400 | 8 | 91.009.577 | 1232 | 65.007 | 11.376.197 |
| 2013 | 72406 | 1483 | 8 | 89.862.829 | 1241 | 60.595 | 11.232.854 |
| 2012 | 71393 | 1413 | 7,6 | 84.554.428 | 1184 | 59.840 | 11.125.583 |

Í meðfylgjandi töflu eru samanburðartölur áranna 2012 til 2017, án fjárhagsliða, vegna eftirlits með hundahaldi.

Samanburður á fjölda skráðra hunda í árslok, ársverk, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2012 – 2017 á verölagi hvers árs.

| Ár | Íbúafjöldi | Fjöldi hunda | Ársverk | Heildar-kostnaður kr. | Kostnaður pr. íbúa kr. | Kostnaður pr. hund kr. | Kostnaður pr. ársverk kr. |
|------|------------|--------------|---------|-----------------------|------------------------|------------------------|---------------------------|
| 2017 | 79179 | 2312 | 1 | 22.220.281 | 281 | 9.611 | 22.220.287 |
| 2016 | 77046 | 2319 | 1,5 | 23.567.276 | 305 | 10.163 | 15.711.517 |
| 2015 | 75533 | 2364 | 1,5 | 24.011.691 | 318 | 10.157 | 16.007.794 |
| 2014 | 73845 | 2344 | 1,5 | 22.932.350 | 311 | 9.783 | 15.288.233 |
| 2013 | 72406 | 2380 | 1,5 | 22.017.675 | 304 | 10.804 | 14.678.450 |
| 2012 | 71393 | 2269 | 1,5 | 22.724.577 | 318 | 10.015 | 15.149.718 |

26. mars 2018

Guðmundur H. Einarsson